

FHU Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/151
komudagur 14.11.2011

Reykjavík, 14. nóvember 2011

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um matvæli (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur), 138. mál.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til tölvubréfs atvinnuveganefndar Alþingis dags. 7. nóvember 2011 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um matvæli, 138. mál.

Almenn umsögn

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hefur farið yfir frumvarpsdrögin og telur það áhyggjuefni að frumvarpið komist til framkvæmda óbreytt þar sem það gæti haft áhrif á matvælaöryggi í landinu. Tilgangur laga um matvæli nr. 93/1995 er skýr, sem er „*að tryggja sem kostur er gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar séu réttar og fullnægjandi*“. Verði gerðar þær breytingar á 2. gr. laganna sem lagðar eru til í frumvarpinu fær félagið ekki betur séð en að matvælaöryggi verði stefnt í hættu þar sem að þeir matvælaframleiðendur sem þar er um fjallað þurfa ekki að uppfylla ákvæði matvælalaga. Félagið leggst því gegn því að þessar breytingar nái fram að ganga. Að mati félagsins þarf að finna þeim breytingum sem frumvarpið leggur til annan stað í lögnum sbr. athugasemdir hér fyrir neðan um einstaka gr. frumvarpsins. Eigi að fara fram með það að undanskilja ákveðna starfsemi frá gildissviði matvælalaga verður engu að síður að gera kröfu um tilkynningarskyldu slíkrar starfsemi til heilbrigðiseftirlits og gera þarf kröfur um merkingar svo að rekjanleiki matvæla verði tryggður fari eitthvað úrskeiðis. Þá telur félagið mikilvægt að undanþágur frá gildissviði laga um matvæli vegna góðgerðastarfsemi nái eingöngu til síður viðkvæmra matvæla og að orðalag í lögum og reglugerðum byggi á áhættugreiningu með tilliti til heilsu og öryggis neytenda. Einnig verði kveðið á um ábyrgð framleiðenda og ábyrgðartryggingar.


Athugasemdir við einstaka greinar

1. gr. frv., liður a: Í 1. gr. frumvarpsins, lið a, er lögð til breyting á 2. gr. laganna en með þeim breytingum sem þar eru lagðar til er verið að ganga gegn tilgangi laganna um öryggi matvæla þar sem þeir matvælaframleiðendur sem þar er um fjallað þurfa ekki að uppfylla þau ákvæði er þar koma fram. Eðlilegra er að setja þessa breytingu inn í 9. gr. laganna en með því móti væri ábyrgð viðkomandi framleiðenda tryggð auk þess sem að samræmi væri þar við undanþágu sem þegar er gerð í sömu grein, 5. mgr., fyrir aðila sem halda búfé en ekki í ágóðaskyni.

1. gr. frv., liður b: Hér endurtekur félagið sömu athugasemd og gerð var við 1. gr lið a og telur að einnig skuli setja þessa breytingu undir 9. gr. lagann, þ.e. varðandi sölu matvæla þar sem um er að ræða frumframleiðendur sem afhenda

frumframleiðsluvörur í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundins smásöluvirkis. Hér þarf að leggja skýra áherslu á að ekki sé verið að undanskilja fyrirtæki og einstaklinga frá starfsleyfisskyldu heldur slaka á kröfum á þeim forsendum að um sé að ræða lítið magn, takmarkaða dreifingu og hefðbundna framleiðslu sem ekki er hefð fyrir annars staðar en á Íslandi.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
Ritari FHU